



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 24. ágúst 2020
R20010219

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mótun fjölskyldustefnu Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs þann 16.01.2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja það til að hafinn verði vinna við það að móta fjölskyldustefnu Reykjavíkurborgar. Markmið með mótun fjölskyldustefnu er að tryggja að við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð á vettvangi Reykjavíkurborgar sé sérstaklega gætt að hagsmunum barna, unglinga og fjölskyldna. Fjölskyldustefnan skal vera skýr en þó lifandi plagg sem er endurskoðað reglulega.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22.01.2020.

Umsögn:

Ekki er fyrir hendi sérstök fjölskyldustefna hjá Reykjavíkurborg en rétt er að benda á með hvaða hætti málefni fjölskyldna eru til umfjöllunar beint og óbeint í stefnum Reykjavíkurborgar enda hefur það áhrif á hvort ástæða sé til að móta sérstaka fjölskyldustefnu.

Meirihlutasáttmáli Viðreisnar, Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna fyrir borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 2018 til 2022 sem nefnist „Við eigum öll að geta fundið okkar stað í tilveruni í Reykjavík“ hefst á pólitískri stefnuýfirlýsingu og markar svo stefnuna fyrir kjörtímabilið í tíu málefnaökflum sem nær allir varða m.a. fjölskyldur og börn í Reykjavík með ýmsum hætti.

Aðrar samþykktar stefnur Reykjavíkurborgar varða málefni fjölskyldna með ýmsum hætti.

Fyrst er að nefna stefnur þvert á málaflokka sem finna má á vef Reykjavíkurborgar undir <https://reykjavik.is/stefnur-thvert-malaflokka>:

- Húsnæðisstefna og húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar fjalla um húsnæði fyrir alla hópa, að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem fólk

þarfnast stuðnings með sín húsnæðismál eða ekki.

- Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðlegir sáttmálar lagðir til grundvallar, svo sem Barnasáttmáli og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Kaflar stefnunnar eru settir fram eftir þessum viðfangsefnum en ekki er sérstakur kafli um málefni fjölskyldna eða málefni einstaklinga en stefnan tekur samt til þeirra.
- Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd fjallar m.a. um málefni fjölskyldna af erlendum uppruna.
- Meginmarkmið matarstefnu borgarinnar er að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðabjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni.
- Af stefnum þvert á málaflokka er að síðustu að nefna þjónustustefnu borgarinnar sem lýsir samræmdri sýn borgarinnar á það hvað þjónustuveiting snýst um. Eitt af fjórum meginmarkmiðum hennar er notendamiðuð hönnun sem felst í því að þjónustu skal hanna og skipuleggja út frá þörfum og sjónarhorni notenda hennar.

Þá er rétt að geta þess að í mótun eru tvær stefnur sem varða málefni fjölskylda. Annars vegar lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar og einnig lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar sem báðar munu varða málefni fjölskyldna.

Stefnur Reykjavíkurborgar eru einnig settar fram á vefsíðu borgarinnar eftir málaflokkum fagsviða, <https://reykjavik.is/stefnumorkun-efir-malaflokkum>. Ljóst má vera af yfirliti að felstar stefnurnar varða málefni fjölskyldna hvort sem er um að ræða stefnur í skóla- og frístundamálum, velferðarmálum, íþrótt- og tómstundamálum, menningar- og ferðamálum eða umhverfis- og skipulagsmálum.

Þá er rétt að benda á að Reykjavíkurborg sinnir þjónustu við fjölskyldur með ýmsum hætti þó ekki sé til staðar sérstök fjölskyldustefna. Til að mynda voru nýjar reglur Reykjavíkurborgar um þjónustu við börn og barnafjölskyldur samþykktar í velferðarráði þann 5. febrúar s.l. og staðfestar í borgarráði þann 13. febrúar s.l. Jafnframt stendur nú yfir mikil vinna við mótun velferðarstefnu sem nær yfir umfangsmikla þjónustu við börn og fjölskyldur. Enn fremur er gerð sérstök framkvæmdaáætlun um barnavernd á fjögurra ára fresti. Þá snýr aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010-2030 beinlínis að því að skipuleggja borgina í þágu fjölskyldna. Þar eru sett fram skýr markmið um að Reykvíkingar geti sótt helstu þjónustu innan hverfis, fjölga leik- og dvalarstöðum í hverfum, fjölga fjölskyldugörðum og skipuleggja borgina þannig að hægt sé að fjölga tækifærum til gæðastunda með fjölskyldunni.

Samantekið er því fjallað um málefni fjölskyldna með ýmsum hætti í fjölmörgum stefnum Reykjavíkurborgar og í því ljósi má spyrja hvort þörf sé á sérstakri fjölskyldustefnu, ekki síst

Í ljósi þess hvað fram kemur í 2. gr. reglna um stefnur og stefnumarkandi áætlanir Reykjavíkurborgar. Þar er fjallað um samræmi við aðrar stefnur og áætlanir og segir: „Við mótun stefnu skal þess gætt að hún sé í samræmi við lög og aðrar stefnur og samþykktir Reykjavíkurborgar og að hún taki mið af meginstefnum á borð við mannréttindastefnu, upplýsingastefnu og þjónustustefnu.... Forðast skal að setja fram sambærileg markmið í fleiri en einni stefnu eða markmið sem skarast á. Því skal bera fyrirhuguð markmið stefnu saman við aðrar samþykkar stefnur og áætlanir í aðdraganda stefnumótunar til að meta þörf á mótun nýrrar stefnu.“

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari